

Nd.

## 23. Frumvarp

til laga um samþykkt um veiði í Drangey.

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

### 1. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist heimild til að gera samþykkt um veiði í Drangey, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er fyrir er mælt í lögum þessum.

### 2. gr.

Þá er sýslunefnd hefir gert frumvarp til samþyktar samkvæmt 1. gr., skal oddviti hennar kveðja til fundar á þeim stað, er sýslunefnd til tekur, alla þá er atkvæði eiga um samþyktina. Oddviti stýrir fundinum eða sá maður, er hann kveður til þess.

### 3. gr.

Á samþyktarfundi leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, er sýslunefndin hefir gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með  $\frac{3}{5}$  atkvæða, sendir sýslunefndin það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það efnisbreytingar, ef sýslunefnd felst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallast fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með  $\frac{2}{5}$  atkvæða, fer um það sem fyrir segir.

### 4. gr.

Nú er gerð samþykkt eins og að framan er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við lög eða grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum stjórnarinnar. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

### 5. gr.

Í samþykkt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess að ákveða hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

Fyrir brot gegn löggiltri samþykkt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renni í sýslusjóð. Mál, sem risa út af tjeðum brotum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.